



Minning

Guðrún Karlsdóttir
f. 01.01.45 – d. 17.02.2024

Gengin er kær Lions vinkona, Guðrún Karlsdóttir, eftir harða en hetjulega baráttu við erfið veikindi. Hún lést á Landspítalanum við Hringbraut 17. febrúar sl.

Lionskonur í Rán vilja í nokkrum orðum minnst hennar og þakka samfylgdina, það var gott og gefandi að fá að njóta samvista við Gunnu í okkar góða hópi.

Gunna var stofnfélagi í Lionessklúbbum Rán og síðan í Lionsklúbbum Rán 1994. Það var einmitt þar sem við kynntumst Gunnu svo vel og hennar mannkostum. Í litlu samfélagi þekkjast jú allir en í leik og starfi í klúbbum okkar myndast nán kynni og þar áttum við margar góðar samverustundir.

Frá byrjun tók Gunna virkan þátt í starfi Ránar. Hún sat í stjórn klúbbsins í ófá skiptin og sinnti þar öllum embættum meðal annars sem formaður 2003-04, svo var hún ritari og gjaldkeri auk þess að vera stallari og siðameistari. Einnig starfaði hún í hinum ýmsu nefndum klúbbsins og sinnti því öllu jafn vel.

Árið 2019 veittum við Ránarkonur henni Gunnu æðstu orðu Lionshreyfingarinnar, gerðum hana að Melvin Jones félagi og var hún vel að þeirri viðurkenningu komin.

Gunna var góður og traustur félagi, hún var samviskusöm og hörkudugleg kona en hún fór ekki hátt með það, hún gerði það sem gera þurfti, sama hvað á bjátaði. Hún var húmoristi og átti mörg nýttin tilsvör sem hittu í mark, það var gaman að vera með henni í okkar góðra vina hópi og hlæja og gleðjast. En það var líka gefandi að ræða málin við hana, hún hafði oftast lausnir enda reynslumikil kona.

Gunna Karls var fædd í Hnífsdal og sleit þar barnsskónum. Hún útskrifaðist sem þroskaþjálfari frá Kópavogshælinu þar sem hún vann eftir skólagöngu á Héraðsskólanum á

Núpi í Dýrafirði. Eftir það var hún kaupfélagsstjóri í Hnífsdal ásamt frænku sinni, auk annarra starfa.

Gunnu var ekki falið að fara auðveldustu leiðina í lífinu, ung missti hún unnusta sinn og bróður í sjóslysi, hún varð ung ekkja sem átti von á barni, það var erfiður tími hjá okkar konu en með æðruleysi og seiglu tókst hún á við það.

Hún kynntist Úlfari eiginmanni sínum og flutti til Ólafsvíkur 1969, þau eignuðust þrjú börn auk þess sem Úlfar gekk elstu dótturinni í föður stað. Hann lést árið 2011. Þau eiga glæsilegan afkomendahóp sem syrgir nú góða móður og ömmu auk föður og afa.

Fyrst í stað vann hún Gunna í Hróa hf. sem var fjölskyldufyrirtæki Úlfars. Síðan í 25 ár á leikskólanum Krilakoti í Ólafsvík sem þroskaþjálfari, deildastjóri og leikskólustjóri og endaði þar starfsævina 70 ára að aldri.

Gunna var mikil lionskona og sést það vel á því að hún eignaðist þrjár dætur og eru tvær þeirra Kristjana og Þórey í Ráninni og einnig tvö barnabörn hennar, þær Sigurbjörg og Jóhanna, dætur Kristjönu.

Síðustu ár voru Gunnu okkar oft erfið í baráttu hennar við krabbamein en alltaf var hún bjartsýn og jákvæð. Henni þótti vænt um klúbbinn sinn og um okkur Lions vinkonur sínar og er það svo sannarlega gagnkvæmt. Hennar er sárt saknað og allar minnumst við hennar með hlýju og kærleik og þakklæti fyrir starf hennar í klúbbum og ánægjulegar samverustundar. Elsku Gunna takk fyrir allt.

*Er við lítum um öxl
til ljúfustu daga
liðinnar ævi,
Þá voru það stundir
í vinarhópi
sem veittu okkur
mesta gleði.
„NICO“*

Elsku fjölskylda, elsku Kidda, Þórey, Sigurbjörg og Jóhanna, við sendum ykkur okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Lionsklúbburinn Rán.
Olga Guðrún, formaður.
Björg Bára, fv. fjölumdæmisstjóri.